

## Dagskrá kvæðamannafélagsins Iðunnar í vetur 2013-2014

Í vetur 2013-2014 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
2. október	4. október
6. nóvember	8. nóvember
4. desember	6. desember
8. janúar	10. janúar
5. febrúar	7. febrúar
5. mars	7. mars
2. apríl	4. apríl
7. maí	9. maí

Allir fundir og kvæðalagaæfingar félagsins hefjast stundvíslega kl 20:00 og lýkur kl. 22:30. Félagar eru hvattir til að mæta á sem flesta fundi og ekki gleyma æfingunum því þar geta menn kynnst betur innviðum félagsins og sögu. Einnig eru félagar hvattir til að taka með sér gesti, bæði á fundi og æfingar, því fundir Iðunnar eru öllum opnir. Starfsemi félagsins fer fram í Gerðubergi.

### Áminning til Iðunnarfélaga

Þeir Iðunnarfélagar, sem eru nettengdir en hafa ekki sent okkur netföng sín, eru beðnir að gera það sem allra fyrst. Því fleiri félagar sem eru nettengdir, þeim mun minni er vinnan fyrir okkur.

Stjórnin

### Fyrripartar ætlaðir Iðunnarfélögum til að fást við í haustferðinni:

Vísnaflóð er vermir blóð  
vænkast óðum hagur.

Leggur Iðunn upp í för  
út úr kliði borgar.

Blærinn svalur bærir strá,  
bændur smala fjöllin há,

Treg er gjarnan tunga mín  
hjá tómunum fleyg.

Höfundur fyrripartanna er Þórarinn Már Baldursson.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

117. tölublað – 34. árgangur  
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

September 2013  
Ábm: Ragnar Ingi Aðalsteinsson

## Haustferð Iðunnar 2013

Haustferð Iðunnar verður farin laugardaginn 7. september.

Þetta er dagsferð og er brottför frá BSÍ (umferðamiðstöð) kl 8:30 stundvíslega. Líklegir viðkomustaðir eru þessir:

- Borgarnes til aftöppunar og áfyllingar stopp 15-20 mín.
- Eiríksstaðir. Leiðsögn Sigurður Jökulsson á Vatni. Gjald 800 kr á mann
- Búðardalur. Aftöppun, áfylling t.d. kaffi
- Hjarðarholt kirkjustaður og bær Ólafs Pá
- Sælingsdalslaug (Guðrúnar Ósvífursdóttur), Tungustapi skammt frá
- Krosshólaborg, bænastaður Auðar (Unnar) djúpúðgu
- Hvammur, fæðingarstaður Snorra Sturlusonar
- Sumarhöll formannsins, litast um..
- Vogur, matarmkil kjötsúpa og kaffi á eftir kr. 2000
- Um Klofning til Skarðs, litið þar í kirkju, heilsað Ólöfu ríku, svipast um
- Ólafsdalur, bændaskóli Torfa Ólafssonar
- Um Svínadal, Búðardal, Skógarströnd, Heydal til Borgar – Rvk kl 19:30

Hafið með hlífðarföt og skó við hæfi, ritblý fyrir vísur og ferðaskap gott. Rúta 50 manna til reiðu og ódýrt far, ef vel safnast til ferðar. Útlit er fyrir að kostnaður vegna rútuferðar sé kr. 4000. Pantið sem allra fyrst far.

Um skráningu sér Þorvaldur Þorvaldsson, s. 895 9564, vivaldi@simnet.is

## Nýjar fuglavísur

Fuglar líta fölnuð vé,  
flykkjast leiðir kunnar.  
Ýmsir fljúga í ESB  
aðrir flýja sunnar.

Hrossagaukar hefja skeið,  
Hér er kuldi að plaga,  
Flugið þreyja, finna leið  
í franska hlýja maga.

*Helgi Zimsen*

Út til sjávar endurnar  
allar snáfa með sín börn,  
af því máva-andskotar  
upp á þau káfast niðri á Tjörn.

*Þórarinn M. Baldursson*

## Sléttubönd

Óðinn flétta mætir menn  
máli réttu halla,  
ljóðin glettin yrkja enn  
orðin nettu gjalla.

*Ingólfur Ómar Ingólfss.*

## Brauðmylsna

Hugfangin heyrðum við forðum  
um hagvöxt í tölum og orðum.  
Lifnar því lund  
og léttist um stund  
er brauðmylsnan hrynur af borðum.

*Höskuldur Búi Jónsson*

## Í vætutíð

Ég þreytt er á súldarsuði,  
sífelldum himnaleka,  
þessa vanhæfu veðurguði  
vildi ég mega reka.

*Sigrún Haraldsdóttir*

## Úr sjónvarpsfréttum.

Þótt háin taki Huppu í kvið  
og hylji meðal tík  
er ekki slegið slöku við  
slátt í Reykjavík.

*Sigrún Haraldsdóttir*

## Efasemdir

Varkárni ég mikils met,  
minna gæti skrefa,  
fyrirvara fyrst ég set,  
flest svo dreg í efa.

*Þórarinn M. Baldursson*

## Lífsins áratog

Læt ég bát við lygnan vog  
liggja oft í draumi.  
Eru lífsins áratog  
öll á móti straumi.

*Þórarinn M. Baldursson*

## Ullarleit

Ei ég neita eða dyl  
að ég veit svo fátt og skil.  
Ef ég leita ullar vil  
arka'eg geitarhúsa til.

*Þórarinn M. Baldursson*

## Tíðarvísur

Þó bylji regn og blási kalt  
og bregðist sól að skína  
gleðst ég því það angrar allt  
andstæðinga mína.

Nú er lag að leita í skjól  
og leynast inni í skugganum.  
Það er alltaf einhver sól  
að andskotast á glugganum

*Þórarinn M. Baldursson*

## Um fágætar en dýrar bækur bragfræðilegs efnis:

Augun fyllast unaði  
er ég sest í dyngju.  
Oft um minna munaði  
mína hillu og pyngju.

*Vésteinn Valgarðsson*

## Hallað undir flatt

Oft ég halla undir flatt  
og æðrast svotla stund:  
„Mikið finnst mér fólk oft latt“,  
og fæ mér síðan blund.

*Þórarinn M. Baldursson*

## Ljóðadísín

Gellur vísan vörum á  
visku meður fína,  
Ljóðadísín löngum þá  
lundu gleður mína.

*Ingólfur Ómar Ingólfss*

## Oddhenda

Kappar fróðir yrkja óð  
örar blóðið rennur,  
vísur góðar vekja móð  
á vörum glóðin brennur.

*Ingólfur Ómar Ingólfss*

## Hringhendur

Einn á leið um urð og flá  
enn mig heiðin fangar,  
hugann seiða holtin grá  
hraun og eyðidrangar.

Brosa hlíðar blómstur grær  
blessuð tíðin seður,  
sól og þíður sumarblær  
sífelld lyði gleður.

*Ingólfur Ómar Ingólfss*

Bylgju sogar súgurinn,  
silfruð togar gára,  
kletta logar kvöldroðinn,  
kyssir voga bára.

Himnarjáfur hristir brá,  
hljóðnar mávakvakið.  
Dropar skráfa' og detta á,  
doppótt sjávarlakið.

*Höskuldur Búi Jónsson*

## Laxaseyði

Landið margir dýrka og dá,  
dýrðarreiti líta' í.  
En laxaseyði í Ölfusá  
ýmsir gefa skít í.

*Helgi Zimsen*